



Skýrsla stjórnar starfsárið 2014-2015

Aðalfundur

Aðalfundur Kayakklúbbsins 2014 fór fram 6. febrúar 2014 að viðstöddum tæplega 30 félagsmönnum. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf, stjórn og nefndir lögðu fram skýrslur sínar og farið var yfir endurskoðaða reikninga. Fjárhagsleg staða klúbbsins er stöðug og samþykkt var að hafa félagsgjöld óbreytt 4500 kr. Breyting varð á stjórn klúbbsins en Páll Gestsson formaður og Örlygur S. Sigurjónsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Klara Bjartmarz var kosin nýr formaður og með henni í stjórn voru kosnir þeir Andri Þór Arinbjörnsson, Gísli S Karlsson, Sigurjón Magnússon og Sveinn Axel Sveinsson. Eins og áður voru fjörugar umræður undir liðnum önnur mál þar sem meðal annars var rætt um möguleika á því að halda alþjóðlegt kayaknámskeið (symposium), fræðslu og ungliðamál og réttindamál kayakleiðsögumanna og kennara.

Á fundinum fékk Guðni Páll Viktorsson viðurkenningu fyrir hringferð sína. Þá voru fráfarandi stjórnarmönnum þökkuð góð störf fyrir félagið og Reyni Tómasi Geirssyni sem nú tekur sér frí frá ferðanefnd þakkað fyrir að leiða Breiðafjarðarferðir í 10 ár.

Ólafía Aðalsteinsdóttir var fundarstjóri og fundarritari var Sveinn Axel Sveinsson.

Starfsárið

Á fyrsta fundi stjórnar þann 12. febrúar skipti stjórn með sér verkum. Gísli hélt áfram sem gjaldkeri og Sveinn Axel tók að sér hlutverk ritara. Farið var yfir nefndarskipan en vel tókst til með mönnun nefnda sem endranær. Á fundinum var jafnframt samþykkt að birta fundargerðir stjórnarfunda á heimasíðu klúbbsins.

22. febrúar fór fram SÍL þingið en það sóttu Klara Bjartmarz og Þóra Atladóttir en Klara er jafnframt í stjórn SÍL. Ánægjulegt er að á vettvangi SÍL er mikill áhugi á samstarfi við kayakfólk og í því felast tækifæri. Önnur siglingafélög hafa til að mynda lýst yfir áhuga á samstarfi í tengslum við námskeiðahald og áhugi er á að fá kayakfólk til að koma að æfingabúðum siglingamanna á Akranesi næsta sumar.

Þórraróður er orðin fastur liður í starfsemi klúbbsins og er skemmtileg viðbót sem eykur fjölbreytni í félagsróðrum. Sveinn Axel á heiðurinn af þórraróðrum og er því treyst að klúbbmeðlimir haldi áfram að kjamsa á súrum hval og hákarli á komandi árum.

Þann 22. apríl fór fram afar vel heppnað Kaffikvöld Kayakklúbbsins og GG sjósport. Tæplega 40 manns mættu og hlýddu á erindi Magnús Sigurjónssonar um BCU og ISGA kerfin og ferðasögu Guðna

Páls Viktorssonar. Á fundunum spruttu upp líflugar umræður meðal annars um réttindamál leiðsögumanna í framhaldi af umræðu á aðalfundi. Bestu þakkir til þeirra félaga í GG fyrir gott samstarf og til Andra Þórs Arinbjarnarsonar fyrir gott skipulag.

Andri náði að blása lífi í starfsemi straumdeildar klúbbsins á árinu. Staðið var fyrir nokkrum róðrum í Elliðaánum og ferðum í Hvítá. Gaman væri að sjá framhald á þessari starfsemi á komandi árum.

Þann 1. maí var félagsróður sérstaklega fyrir minna vana og þá sem voru að komast aftur af stað eftir frí. Góð mæting var, rúmlega 40 manns sem var ánægjulegt. Stefnt er að því að halda slíka róðra oftari til að auðvelda fólki fyrstu skrefin á sjó en stjórn hefur rætt það á sínum vettvangi hversu fáir skila sér af byrjendanámskeiðum yfir í félagsstarfið.

Kayakklúbburinn tók þátt í Hátíð hafsins og að þessu sinni fór einnig fram öryggisæfing með þyrlu Landhelgisgæslunnar. Ingi hafði yfirumsjón með framlagi klúbbsins á Hátíðinni.

Í byrjun júní fengum við góða gesti frá sjónvarpsþáttunum "Með okkar augum" í heimsókn. Byrjað var á spjalli og viðtali og síðan var róður með aðalsjónvarpshetjunum, þeim Steinunni og Skúla. Það voru Andri, Guðmundur Breiðdal, Gísli H Friðgeirsson og Klara sem höfðu umsjón með heimsókninni. Síðar um sumarið var afraksturinn sýndur í sjónvarpinu en ekki er vitað til þess að neitt af kayakfólkinu hafi fengið beiðnir um frekari sjónvarpsstörf.

Nýjung í starfseminni var næturróðrasería sem hófst í september. Farið var yfir ýmis hagnýt atriði í næturróðrum, svo sem samskipti, rötun, fjarlægðarmælingar, öryggisráðstafanir og sitthvað fleira. Örlygur S. Sigurjónsson hafði frumkvæði og umsjón með þessari skemmtilegu nýjung.

Kolbrún Sif Halldórsdóttir og Ólafía Aðalsteinsdóttir fengu þá snilldar hugmynd í Breiðafjarðarferðinni að standa fyrir uppskeruhátíð. Vel heppnuð hátíðin var haldin þann 23. september með lifandi tónlist og frábærum mat. Við það tækifæri var frumsýndur ljósmyndannáll klúbbsins sem Andri og Jónas Guðmundsson tóku saman og síðar var birtur á heimasíðu klúbbsins.

Hinn árlegi friðarsúluróður fór fram 9. október og hafði Örlygur umsjón með róðrinum. Þetta var hin skemmtilegasta kvöldstund og félagsmenn fjölmenntu í Viðey.

Gamlársdagsróður fór fram venju samkvæmt. Alls mættu 25 félagar á sjó og fleiri bættust við í kaffi eftir róður. Það er gaman þegar félagar sem hafa ekki tök á því að mæta í róðra láta sjá sig í kaffi og heilsa upp á mannskapinn, við viljum sjá sem mest af slíkum heimsóknum. Sérstakar þakkir til Evu sem sá um veitingar í gamlársróðrinum.

Einn mikilvægasti þáttur í starfsemi félagasamtaka á okkar tímum er heimasíða og Facebook síða. Þar hefur Gunnar Ingi Gunnarsson verið einn af burðarásunum og staðið vaktina með miklum sóma. Hugsanlega er klúbburinn kominn að þeim tímamótum að endurskoða þarf virkni hans á samfélagsmiðlum, eins og fram kom í góðum ábendingum á korkinum í janúar. Þar var bent á að heimasíða klúbbsins með innskráningarkerfi passi illa við netvenjur þeirra sem nota „i-tækni“ og velt upp þeirri spurningu hvort að klúbburinn ætti að nýta sér Instragram eða Twitter. Þetta þarf að skoða á komandi misserum og væri líklega ástæða til að fá yngri félagsmenn að því starfi.

Í byrjun árs fór fólk á flug með Viðeyjaráskorun, róinn var hringur um Viðey á tíma. Sumir tóku þetta sem háalvarlega keppni meðan aðrir dóluðu sér hringinn á sínum hraða. Allir höfðu þó gaman af og vonandi varð þetta til þess að einhverjir tóku sér oftari ár í hönd. Annað sem vonandi hjálpar til með

aukna virkni er framtak þeirra Andra og Sveins Axels sem skráðu upp róðra úr róðrabókinni 2014 í lok árs og birtu á heimasíðunni. Þar má sjá ýmsan tölfræðilegan fróðleik og má án efa vinna mikið með þessar tölur, sérstaklega ef fleiri ár verða skráð. Umræða um rafræna skráningu skaut upp kollinum og hugmyndir um verðlaun fyrir flestu róðrana, flesta km og fleira skemmtilegt.

Gaman er að því að félagsmönnum í klúbbum hefur fjölgað nokkuð síðastliðin ár - árið 2014 voru félagsmenn 424 en árið 2011 voru þeir 376.

Fjármál klúbbsins eru stöðug eins og fram kemur í ársreikningum. Fjárfest var í nýjum búnaði í ár og var einnig stutt myndarlega við innri starfsemi, til dæmis var matur á uppskeruhátíðinni fyrir meðlimi og maka í boði klúbbsins. Það er hins vegar vandamál að enn eru útistandandi skuldir sem gengur illa að innheimta. Það mál er erfitt viðureignar en það er óviðunandi að bátar sem ekki er búið að greiða taki frá pláss sem annars væri hægt að koma í leigu.

Nefndir klúbbsins

Nefndir Kayakklúbbsins 2014 og formenn þeirra:

Keppnisefnd:	Egill Þorsteinsson
Ferðanefnd:	Gunnar Ingi Gunnarsson
Húsnæðisnefnd	Össur Imsland
Sundlaugarnefnd	Magnús Sigurjónsson

Stjórn skipaði ekki í Ungliða- og fræðslunefnd á árinu. Hér er stiklað á stóru í starfsemi nefndanna en vísað er í starfskýrslur þeirra til frekari upplýsinga.

Þrjár keppnir fóru fram á árinu og töldu til Íslandsmeistaratitils - Reykjavíkurbíkarinn, Hallarbíkarinn og Hálfmarþon. Upplýsingar um úrslit og þátttöku má sjá í skýrslu keppnisnefndar. Besta þátttakan var í Reykjavíkurbíkarinum í maí þar sem yfir 20 tóku þátt. Nytjamarkaður var starfræktur í tengslum við Reykjavíkurbíkarinn og var það skemmtileg nýjung. Ekki er hægt að líta framhjá því að lítil þátttaka er í keppnum klúbbsins. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar í þessu samhengi, til dæmis hvort að rétt sé að tæknikeppni telji til Íslandsmeistara og að fjölga keppnum. Gagn væri að því að málin væru rædd á aðalfundi til að heyra skoðun félagsmanna.

Ítarleg skýrsla ferðanefndar er meðfylgjandi. Gunnar Ingi Gunnarsson hefur ákveðið að víkja sem formaður nefndarinnar og fékk hann Hildi Einarsdóttur til að leysa sig af. Ferðanefnd hefur þegar tekið til starfa og fagnar stjórn frumkvæði Hildar og Gunnars Inga.

Húsnæðisnefnd undir forystu Össurar Imsland hafði yfirumsjón með aðstöðu klúbbsins við Geldinganes þar sem um 180 bátar félagsmanna eru í geymslu ásamt félagsbátum og SOT bátum. Verulega er þrengt að starfsemi klúbbsins á Geldinganesi þar sem einungis eru um 5-10 pláss laus. Það er lítið svigrúm til að bæta við fleiri gámum nema með mikilli fyrirhöfn og á meðan við erum einungis með bráðabirgðaleyfi þá er slíkt ekki fýsilegur kostur. Stór hluti þeirra báta sem eru í geymslu á Geldinganesinu er lítið notaður og vekur það spurningar um hvort það sé hlutverk

klúbbsins að sjá um bátageymslu. Það gæti komið að því að við þurfum að að vísa áhugasömum ræðurum frá varðandi bátapláss.

Þá leigir klúbburinn um það bil 35 pláss hjá Brokey í Nauthólsvík. Það er góð aðstaða í Nauthólsvík og spurning hvort að hægt væri að nýta þá aðstæður betur, en þó eru blikur á lofti varðandi framhaldið í Nauthólsvík. Ennfremur hefur klúbburinn aðstöðu fyrir straumvatnsbáta í sundlauginni í Laugardal, sem eru notaðir í tengslum við starfsemina þar.

Umræða um aðstöðu klúbbsins á eiðinu við Geldinganes var áberandi í ár, ekki síst í tengslum við fyrirhugaða Sundabraut og staðsetningu hennar. Klúbburinn tók upp viðræður við Reykjavíkurborg um varanlegt leyfi fyrir klúbbinn á eiðinu við Geldinganes án árangurs. Í nóvember heimsóttu fulltrúar Landverndar og Reykjavíkurborgar aðstöðu klúbbsins til að skoða möguleika klúbbsins á að fá Bláfána, sem er alþjóðleg umhverfis- og gæðaviðurkenning fyrir smábátahafnir og baðstrendur. Það er ljóst að forsenda þess að hægt sé að skoða Bláfánamálið frekar er að klúbburinn fái varanlegt byggingarleyfi. Ennfremur kom til tals hvort að hægt væri að koma eiðinu aftur í náttúrulegt form, eins og átti víst að gera eftir að grjótnámi í Geldinganesi lauk. Það verður fróðlegt að sjá hvort að þetta mál verði til þess að Reykjavíkurborg skoði mál okkar betur með varanlega lausn í huga.

Þá er vinnuhópur á vegum Reykjavíkurborgar að skoða framtíðarskipulag fyrir Gufunes, m.a. með siglingastarfsemi í huga. Því miður fékk Kayakklúbburinn ekki fulltrúa í þann hóp og komum við athugasemdum á framfæri við Reykjavíkurborg við þá málaniðurstöðu.

Í lok nóvember var brotist inn í aðstöðu klúbbsins og hjartastuðtæki og sjúkrakassa stolið. Tryggingar klúbbsins bættu tjónið og nýtt hjartastuðtæki var keypt. Tryggingarnar sönnuðu þar gildi sitt, en rétt er að minna félagsmenn á að tryggingarnar ná ekki yfir báta félagsmanna sem eru í geymslum.

Ítarleg skýrsla húsnæðisnefndar er meðfylgjandi þar sem meðal annars er fjallað um aðgangskerfi, vinnudag, endurnýjun búnaðar o.fl.

Í skýrslu sundlaugarnefndar kemur fram að heldur færri hafi mætt á æfingar í sundlauginni en á starfsárinu 2013. Það er miður því æfingaaðstaðan er frábær. Klúbburinn fær tíma í sundlauginni vegna aðildar sinnar að ÍBR/SÍL, en við verðum að nýta okkur þessa tíma til að halda þeim. Það væri gaman ef komandi stjórn og sundlaugarnefnd myndu bregðast við þessari þróun með einhverjum hætti, til dæmis væri skoðandi að vera með tækninámskeið næsta vetur.

Umhverfismál

Gísli Friðgeirsson var fulltrúi klúbbsins í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu. Gísli samdi umsögn fyrir hönd klúbbsins er var birt á heimasíðunni. Klúbburinn skilaði ennfremur umsögn um þingsályktunartillögu um ferðamennsku í febrúar 2014 sem einnig má finna á heimasíðunni.

Reynir Tómas Geirsson og Ásta Þorleifsdóttir eru fulltrúar klúbbsins í SAMÚT (samtök útivistarfélaga). Efst á baugi á þeim vettvangi er umræða um landskipulag, Tungufljót, náttúrupassa og fleira. Umsögn um náttúrupassa var skilað í febrúar 2015.

Umhverfismálin eru sérhæfð og tímafrek og erum við þakklát þeim Gísla, Reyni og Ástu, sem standa vaktina í þessum málaflokki fyrir okkar hönd.

Öryggismál

Á árinu var umræða um öryggismál áberandi eins og vera ber. Samkvæmt öryggisreglum klúbbsins skal halda reglulega öryggisæfingar og var ein formleg slík í ár, þann 29. maí í umsjón Guðna Páls Viktorssonar og Sigurjóns Magnússonar. Það var frábær mæting á öryggisdaginn og heppnaðist hann mjög vel og verður vonandi með svipuðu sniði á þessu starfsári. Í framhaldi af æfingunni var haldin öryggisæfing með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Hátíð Hafsins. Að auki voru haldnar fjölmargar óformlegar öryggisæfingar í félagsróðrum.

Á árinu var haldið áfram að þróa það róðrarstjórnarfyrikomulag sem tekið var upp árið 2013 þar sem róðrarstjórnar eru skipaðir fyrirfram úr hópi virkra ræðara sem hafa hafa lokið 4 stjórnun BCU Sea kayak leader prófi, eru í þjálfunarferli fyrir BCU 4* Leader eða sambærilegu. Sveinn Axel hefur haft umsjón með þessu verkefni fyrir hönd stjórnar. Það er mat stjórnar að þetta kerfi sé mikil framför og auki öryggi félagsróðra, enda hafa viðbrögð félagsmanna gagnvart því verið mjög jákvæð. Það er hins vegar áhyggjuefni að lítil endurnýjun er á lista róðrarstjóra.

Síðastliðið haust ákvað stjórn klúbbsins eftir ábendingar félagsmanna að setja saman lista til leiðbeiningar fyrir þá sem hyggjast róa hringinn eða róa á þeim svæðum þar sem aðstæður eru hvað erfiðastar við Ísland. Slíkur listi verður þó aldrei annað en til leiðbeiningar og mun klúbburinn alltaf hvetja þá sem ætla að róa við erfiðustu aðstæður til að leita sér frekari upplýsinga og aðstoðar. Leiðbeiningarnar voru birtar á heimasíðu klúbbsins í febrúar, bæði á íslensku og ensku, og er meðal annars markmiðið að ná til þeirra erlendu ræðara sem hingað koma og ætla sér að róa umhverfis Ísland. Jafnframt var birt á heimasíðunni samantekt Gísla Friðgeirssonar um róður við Suðurströndina en Gísli var stjórn til aðstoðar í þessu máli.